UMHVERFIS STOFNUN

Læknadeild Háskóla Íslands, Lífeðlisfræðistofnun
b/t Þór Eysteinsson
Vatnsmýrarvegur 16,
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. október 2019
UST201903-237/R.K.
11.18.01

**Efni: Fallið frá áformum um niðurfellingu leyfis fyrir afmarkaða notkun erfðabreyttra músa í VRIII**

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar dags. 20. júní sl. þar sem tilkynnt voru áform um niðurfellingu leyfis fyrir afmarkaða notkun erfðabreyttra músa í rannsóknaraðstöðu Háskóla Íslands að VRIII gefið út dags. 16. nóvember 2016.

Umhverfisstofnun barst beiðni þann 3. september sl. um að halda leyfi VRIII í gildi þar sem enn yrði starfsemi með erfðabreyttar mýs í þeirri rannsóknaraðstöðu. Þó mun hluti starfseminnar flytjast í húsnæði ArcticLAS ehf. að Krókhálsi 5d í Reykjavík og falla undir leyfi ArcticLAS ehf. fyrir starfsemi með erfðabreyttar mýs, gefið út dags. 27. ágúst 2014.

Fallið er frá áformum um niðurfellingu ofangreinds leyfis VRIII sem verður áfram undir eftirliti Umhverfisstofnunar. Leyfið gildir til dags. 16. nóvember 2026.

Uppfærður verður sérstakur fulltrúi rekstraraðila sem ber ábyrgð á samskiptum við eftirlitsaðila Umhverfisstofnunar skv. gr. 4.1 leyfisins.

Virðingarfyllst

Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri

Afrit af bréfi b/t Eiríkur Steingrímsson, Lífvísindasetur Háskóla Íslands, Læknagarður að Vatnsmýrarveg 16, 101 Reykjavík.

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Iceland
+354 591 2000
www.ust.is